

## Reglur um verkefnaskil

1. Öll verkefni nemenda, hvort sem þau eru munnleg að skrifleg, sem gilda til einkunnar skulu tilgreind í námsáætlun hvers áfanga. Þar skal koma fram í hvaða lotu á að skila viðkomandi verkefnum sem og vægi þeirra.
2. Nemendur skulu fylgjast með skiladögum einstakra verkefna og virða þá.
3. Kennurum er heimilt að veita lengri skilafrest vegna fjarvista, hafi þær verið tilkynntar áður en skilafrestur rann út.
4. Kennurum er heimilt að lækka einkunnir verkefna sem hér segir:
  - 1 dagur 0,5
  - 2 dagar 1,0
  - 3 dagar 1,5
  - 4 dagar 2,0
  - Ef nemandi skilar 5 dögum eftir skiladag eða síðar verður ekki farið yfir verkefni en nemandi fær einkunnina 1,0 fyrir skil. **ATH! Ekki er þó hægt að skila eftir að kennari hefur farið yfir og skilað af sér einkunnum. Kennari getur þó gert undantekningar frá þessu við sérstakar aðstæður. Brýnt er að nemandi hafi samband við kennara sem fyrst ef fyrirséð er að hann geti ekki skilað á tilsettum tíma.**
5. Nemendur sem geta ekki hugsað sér að flytja munnleg verkefni fyrir hópinn fá skerta einkunn sem hér segir:
  - Flutningur í litlum hópi (3-4 áheyrendur): 90% af þeirri einkunn sem þeir hefðu annars fengið.
  - Flutningur aðeins fyrir kennara: 80% af þeirri einkunn sem þeir hefðu annars fengið.

**ATH! Ef einkunn er tvískipt þannig að gefið er sérstaklega fyrir flutning annars vegar og e.k. texta hins vegar (t.d. glærur) skal aðeins skerða einkunn fyrir flutning.**

Kennarar íslenskudeildar VMA